

Nr. 22/2023-2024

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. starfsreglnanna

a) 1. mgr. orðast svo:

Þjóðkirkjan viðhefur ábyrgð, traust og gegnsæi í allri fjárstjórn sem endurspeglast í öllum stjórnarháttum hennar. Sundurliðuð fjárhagsáætlun skv. 5.gr ásamt ársreikningum skal birta á heimasíðu kirkjunnar. Allar fjárskuldbindingar og samningar sem gerðir eru fyrir hönd kirkjunnar skulu birtir á opnu vefsvæði kirkjunnar sé það ekki óheimilt að kröfu hins samningsaðilans.

b) 2. mgr. orðast svo:

Fjárhagsnefnd kirkjuþings skal látið í té öll fjárhagsgögn sem formaður nefndarinnar eða staðgengill hans óskar eftir, bæði við gerð fjárhagsáætlunar og við yfirferð ársreiknings. Aðrir kirkjuþingsfulltrúar fái aðgang að sömu gögnum óski þeir eftir því.

c) 1. og 2. mgr. verða 3. og 4. mgr.

2. gr.

Við d. lið 5. gr. bætist nýr málsl. sem orðast svo:

Rekstrarkostnaður og tekjur Skálholtsstaðar í heild sinni skal sundurgreina sérstaklega.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

*Samþykkt á kirkjuþingi 9. mars 2024 og birt á opnum vef kirkjunnar 12. mars 2024.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.